

65

22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi, nr. 142
8. ágúst 1939.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir
vera opnar.

Sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúir lokaðar
kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber ekki upp á helgan dag.

2. gr.

Breyting þessi öðlist gildi þegar í stað.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, sam-
kvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öll-
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

66

22. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns,
nr. 45 10. júní 1938.

1. gr. II. flokkur, 2. málsgrein gjaldskrárinnar orðist þannig:

| | | |
|-----------------------------------|----------|--------|
| Fyrir vatnssalerni greiðist | kr. 2.00 | árlega |
| — hvern nautgrip greiðist | — 5.00 | — |
| — — hest greiðist | — 2.50 | — |
| — hverja sauðkind greiðist | — 0.25 | — |

Þó skal vatnsskattur aldrei vera lægri en 10 krónur af hverju gripahúsi.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923, til þess
að öðlast gildi 1. maí 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að
máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.